



## Skóli Ísaks Jónssonar Sjálfseignarstofnun

### Skólanámskrá SÍJ Íslenska – 3. bekkur

Íslenska er sampætt öllum námsgreinum í skólastarfinu. Í Ísaksskóla er sungið alla daga og áhersla lögð á að efla málskilning og orðaforða nemenda. Unnið er markvisst með lestur samkvæmt hljóðaaðferð Ísaks Jónssonar. Nemendur lesa heima daglega úr sameiginlegri lestrarbók. Í skólanum lesa börnin textann upphátt, ræða saman um efni hans og vinna margvísleg verkefni sem tengjast lesefninu. Auk sameiginlegrar lestrarbókar eru börnin með aukalestrarbók sem tekur mið af lestrargetu og áhuga hvers og eins. Þau fá einnig réttritunarbók sem þau skrifa í heima setningar úr lesefninu. Áhersla er lögð á að þjálfa lesfimi, lesskilning og ritun jöfnum höndum. Afar mikilvægt er að heimanámi sé fylgt vel eftir á fyrstu árum lestrarnáms.

#### Matsviðmið

##### Talað mál, hlustun og áhorf

Tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum og sagt frá eigin reynslu  
Lesið eigin sögur eða ljóð upphátt fyrir aðra  
Farið eftir einföldum reglum í umræðum  
Tekið þátt í hlutverkjaleikjum og leikþáttum  
Hlustað á sögur, leikrit, ljóð, horft á leikþætti og rætt efnið

##### Lestur og bókmenntir

Lesið upphátt, skýrt og áheyrlíega  
Svarað spurningum og dregið ályktanir út frá lesefni  
Sagt frá lesefni og dregið saman aðalatriði  
Valið lesefni eftir áhuga og lestrargetu  
Fundíð upplýsingar í bókum og á netinu um fjölbreytt efni  
Sungið lög af söngdagskrá skólans  
Útskýrt merkingu orðtaka og málshátta  
Lesið úr einföldum myndrænum upplýsingum s.s. töflum og táknum

##### Ritun

Skrifað læsilega og snyrtilega þannig að stafir sitji á linu, skriftarhalli og hlutföll stafa séu rétt  
Dregið rétt til stafs og byrjað að vinna með tengiskrift  
Svarað spurningum skriflega, með heilum setningum  
Skrifað eigin frásagnir, sögur og ljóð og lesið fyrir samnemendur  
Skrifað frásagnir og sögur sem hafa upphaf, meginmál og niðurlag

Beitt reglu um stóran staf í sérnöfnum og í upphafi setninga  
Beitt reglu um tvöfaldan samhljóða  
Beitt reglu um sérljóða sem standa á undan -ng og -nk

### **Málfræði**

Raðað orðum í stafrófsröð  
Fundíð samheiti og andheiti  
Greint á milli sérnafna og samnafna  
Greint og flokkað nafnorð, lýsingarorð og sagnorð  
Greint kyn og tölum nafnorða

### **Virkni og samskipti**

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru  
Sýnt skólafelögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi

## **Námsmat**

Kennrar meta hæfniviðmið jafnt og þétt yfir skólaárið og birta á Mentor.  
Námsmat skiptist á tvær annir; haustönn og vorönn. Kennrar meta þau  
hæfniviðmið sem áhersla er lögð á hverju sinni og unnið hefur verið með. Til  
grundvallar námsmati liggja fjölbreytt verkefni, ástundun, kannanir og próf.

- Lesfimipróf frá Menntamálastofnun eru lögð fyrir í september, janúar og  
maí. [Hér](#) má nálgast lesfimiviðmið Menntamálastofnunar.
- Aston Index - stafsetningarpróf fyrir 3. bekk er lagt fyrir að hausti og vori.